

LÖG

um breytingu á lögum um almenningubókasöfn, nr. 36/1997 (gjaldtökuheimildir).

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

14. gr. laganna orðast svo:

Almenningubókasöfnum er heimilt að innheimta gjald fyrir þjónustu sína, svo sem fyrir útgáfu útlánsskírteina, millisafnalán, afritun, fjölföldun, ljósmyndun, sérfræðilega heimildaþjónustu, heimildaleit í gagnagrunnum og útlán á sérstökum safnkosti.

Hvert safn setur gjaldskrá skv. 1. mgr. að fengnu samþykki bókasafnsstjórnar og skal hún birt notendum á aðgengilegan hátt. Umrædd gjöld skulu ekki vera hærrí en raunkostnaður viðkomandi safns vegna þjónustunnar og er ætlað að standa straum af eftirfarandi kostnaðarþáttum við hana:

- a. launum starfsfólks sem sinnir þjónustunni,
- b. sérstökum efniskostnaði vegna þjónustunnar.

Almenningubókasöfnum er heimilt að innheimta dagsektir fyrir afnot safnefnis fram yfir skilafrest og bætur fyrir safnefni sem glatast eða skemmist í meðförum notenda samkvæmt þeim reglum sem fram koma í reglugerð sem ráðherra setur skv. 15. gr. og gjaldskrá sem ráðherra setur skv. 4. mgr.

Ráðherra skal gefa út gjaldskrá um dagsektir og bætur skv. 3. mgr. að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga og Samtök forstöðumanna almenningubókasafna. Samanlagðar dagsektir fyrir afnot safnefnis fram yfir skilafrest, sem ákveðnar eru með reglugerð, mega aldrei vera hærrí en 4.000 kr. fyrir hvern lánþega. Bætur fyrir safnefni sem glatast eða skemmist í meðförum notenda skulu að hámarki nema innkaupsverði viðkomandi efnis.

2. gr.

Við 15. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um innheimtu dagsekta fyrir afnot fram yfir skilafrest og bóta fyrir safnefni almenningubókasafna sem glatast eða skemmist í meðförum notenda.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 16. júní 2011.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Svandís Svavarsdóttir.